



Stjórn Úrvinnslusjóðs

352. stjórnarfundur, þriðjudaginn 12. desember 2023 - kl. 8.30 – 10:30

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

- A. Til kynningar:
 - 1. Stefnumótun frá 2020
 - 2. Staða sjóða
 - 3. Kostnaðargreining sérstakrar söfnunar
 - 4. Nýir þjónustu- og ráðstöfunaraðilar
 - 5. Áhættugreining – staða
 - 6. Endurskoðun álagningar úrvinnslugjalds (tollflokkakerfi)
- B. Til samþykktar:
 - 7. Olíusamningur
 - 8. Ársreikningur og Ársskýrsla 2022
 - 9. Úrbótaáætlun vegna drykkjarferna
 - 10. Starfsreglur stjórnar
 - 11. Fundardagskrá janúar – júní 2024
- C. Framkvæmdastjóri segir frá stöðu helstu mála í rekstri
- D. Fundargerð lögð fram til samþykktar

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),

Berglind Rós Guðmundsdóttir (BRG) varamaður Benedikts S. Benediktssonar (BSB),

Guðný Hjaltadóttir (GH),

Hildur Hauksdóttir (HH),

Jón Viggó Gunnarsson (JVG)

Líf Magneudóttir (LM)

Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),

Daníel Gunnarsson (DG)

Guðlaugur Gylfi Sverrisson (GGS)

Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Stjórn samþykkti drög að úrbótaáætlun um meðhöndlun drykkarfernuúrgangs
- Stjórn samþykkti starfsreglur stjórnar
- Stjórn samþykkti fundaráætlun vegna janúar til júlí 2024
- Stjórn samþykkti fundargerð 352. fundar

Verkefni:

- Stjórn verði kynnt reglulega framvinda úrbótaáætlunar um meðhöndlun drykkjarferna.

DAGSKRÁ

A. Til kynningar

1. **Stefnumótun frá 2020 .**

Stefnumótun var unnin í byrjun árs 2020 í aðdraganda hringrásarlaganna. Stefna var sett til ársins 2025. Umræðu verður haldið áfram á næsta fundi.

DG bætist í hóp fundarmanna

2. **Staða sjóða**

Sýnd er staða sjóða, þróun þeirra frá því í ársbyrjun 2015 og áætlun um þróun til loka árs 2025. Rætt er um mikilvægi þess að hver vöruflokkur standi undir sér. Sagt er frá því að við ákvörðun úrvinnslugjalda sé gert ráð fyrir allt að 30% sveiflujöfnun og að sjóðir séu vaktaðir mánaðarlega að því marki sem gögn leyfa. Lagt er til að á næsta fundi verði tekin sérstök umræða um þá sjóði þar sem er ræða óreglulegar sveiflur eða aðrar óvenjulegar stærðir. Einnig ef einhvers staðar eru niðurgreiðslur eða mögulega er að finna greiðslur fyrir urðun.

3. **Kostnaðargreining sérstakrar söfnunar**

Farið er yfir söfnun og greiðslur í þeim vöruflokkum sem safnað er sérstaklega. Fram kemur að skilagreinar hafi borist seint og t.a.m. hafi ekki borist nema tvær skilagreinar í tilteknum vöruflokki. Einnig virðist vera ósamræmi milli upplýsinga sem sveitarfélög hafa um söfnun og þeirra upplýsinga sem sjóðurinn greiðir eftir. Mikilvægt er að komið verði á samtali við þá aðila sem standa að söfnun og þeir vinni að auknu gagnsæi.

DG yfirgefur fundinn.

GGs bætist í hóp fundarmanna.

4. **Nýir þjónustu- og ráðstöfunaraðilar**

Samkvæmt nýju verklagi hefur Úrvinnslusjóður samþykkt nýja þjónustu- og ráðstöfunaraðila.

Þjónustuaðilar:

Málmaendurvinnsla sem sérhæfir sig í úrvinnslu málma.

Hati ehf., dótturfélag Furu sem sérhæfir sig í meðhöndlun viðarúrgangs.

Ráðstöfunaraðilar:

Campine Recycling NV. sem sérhæfir sig í úrvinnslu blýsýrurafgeyma. Staðsettur í Belgíu.

Reiling Glasrecycling er hluti af þýsku endurvinnslusamsteypunni Reiling Group og sérhæfir sig í endurvinnslu á gleri. Staðsettur í Vamdrup í Danmörku.

Sorpa bs- gas og jarðgerðarstöð GAIA sem sérhæfir sig í moltugerð

Óskað er eftir því að starfsleyfi verði hluti af fundargögnum og það samþykkt.

GGG yfirgefur fundinn.

5. **Áhættugreining – staða**

Liði frestað til næsta fundar.

6. **Endurskoðun álagningar úrvinnslugjalds (tollflokkakerfið)**

Lagt er til að haldinn verði vinnufundur í janúar þar sem m.a. verði ræddur flutningur úr tollflokkakerfi. Formleg ákvörðun um vinnufundinn verði tekin á stjórnarfundi í næstu viku.

B. Til samþykktar

7. **Olíusamningur**

Farið er yfir helstu atriði nýs þjónustusamnings um söfnun og ráðstöfun olíuúrgangs. Ekki eru gerðar athugasemdir við efni samnings en lagðar eru til ákveðnar viðbætur við texta. Samningur verður lagður fyrir á næsta fundi með þeim viðbótum.

8. **Ársreikningur og ársskýrsla 2022**

Frestað til næsta fundar.

9. **Úrbótaáætlun vegna drykkjarferna**

Lögð eru fram drög að úrbótaáætlun sem byggð er á tillögum Environice vegna meðhöndlunar drykkjarfernuúrgangs. Úrbótaáætlun er samþykkt. Stjórn óskar eftir reglulegum kynningum á framvindu áætlunar.

10. **Starfsreglur stjórnar**

Lögð eru fram uppfærð drög að starfsreglum stjórnar. Starfsreglur stjórnar eru samþykktar.

11. **Fundardagskrá janúar – júní 2024**

Lögð er fram tillaga að tímasetningum stjórnarfunda frá því í byrjun janúar þar til loka júlí 2024. Fundadagskrá er samþykkt.

12. **Umboð til framkvæmdastjóra**

Stjórn skrifar undir umboð til framkvæmdastjóra til úttekta á bankareikningum Úrvinnslusjóðs

- C. Framkvæmdastjóri segir frá stöðu helstu mála í rekstri**
- D. Fundargerð lögð fram til samþykktar og undirritunar**

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 18. desember kl. 14.45
Fundi slitið 10.43